

10. gr.

Verði ákvæðið að hætta starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar skal fulltrúaráðið ráðstafa eignum hennar til starfsemi, sem samræmis tilgangi hennar sbr. 3. gr.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

29. maí 1980.

Nr. 336.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur frá Drangshlíðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigríðar Jónsdóttur frá Drangshlíðardal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæðum í erfðaskráum Lilju Hjartardóttur, síðast til heimilis í Njálsgötu 83, Reykjavík, sem lést 10. maí 1978, en skrárnar eru dags. 19.1. 1965, 25.3. 1971 og 11.11. 1976. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um móður arfleifanda, Sigríði Jónsdóttur, sem var fædd í Drangshlíðardal undir Eyjafjöllum 21. ágúst 1877 og er efni skipulagsskrár þessarar sniðið eftir erfðaskránum varðandi þetta efni.

2. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins eru fimm milljónir króna samkvæmt ákvæðum framangreindra erfðaskráa, að frádregnum erfðafjárskatti, kr. 250 000.— og nauðsynlegum kostnaði við stofnun sjóðsins.

Eignir sjóðsins eru tvær og hálf milljón í fasteignatryggðum veðskuldabréfum til fimm ára, en að öðru leyti er stofnféð reiðufé og afhenda lögerfingjar Lilju heitinnar Hjartardóttur stjórn sjóðsins stofnféð, þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest. — Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir, skulu þær leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur og verkefni sjóðsins er að veita efnilegu námsfólki, stúlku eða pilti, búsettu í Austur-Eyjafjallahreppi, styrk til skólanáms að skyldunámi loknu.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á öruggan og hagkvæman hátt, s. s. í öruggum fasteignatryggðum skuldabréfum, spariskirteinum ríkissjóðs eða á vaxtaaukareikningum eða hliðstæðum reikningum og skulu allar bankainnstæður sjóðsins vera í banka-stofnunum með ríkisábyrgð. Hafa má fjárupphæðir, sem hafa þarf handbærar, á almennum bankareikningum.

5. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins má aldrei skerða. Einum fjórða hluta af vöxtunum og verðlagsbótunum, skal ætíð bæta við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna og verðbótanna má úthluta í samræmi við ákvæði 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

6. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skipa 3 menn: Skólastjóri Skógaskóla undir Eyjafjöllum, hreppsstjóri Austur- Eyjafjallahrepps og þjónandi sóknarprestur í sókninni.

— Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti stjórnar ræður úrslitum, nema annað sé ákveðið í skipulagsskránni.

7. gr.

Stjórn minningarsjóðsins ber að halda gerðabók og skal skrá í hana skipulagsskrá þessa, geta þar erinda, sem stjórninni berast, ákvarðanir um styrkveitingar og annað er varðar starf og rekstur sjóðsins.

Einnig ber sjóðsstjórninni að halda bók, þar sem færðar eru eignir sjóðsins, tekjur og gjöld og skal ársreikningurinn færður í bókina og undirritaður af öllum stjórnarmönnum og réttum endurskoðendum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórnin hafa lokið samningu ársreiknings fyrir febrúarlok ár hvert. Endurskoðendur reikninga Austur-Eyjafjallahrepps skulu endurskoða reikninga sjóðsins ár hvert, en að endurskoðun lokinni, skal stjórnin senda oddvita sýslunefndar Rangárvallasýslu eintak af reikningnum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ræður hve mörgum og hverjum einstaklingum er veittur styrkur úr sjóðnum hverju sinni og hversu mikið til hvers. Þyki stjórninni eitthvert sinn ekki ástæða vera til að veita syrki úr sjóðnum eða ekki eins mikið og heimilt er, þá skal sú fjárhæð leggjast við höfuðstólinn eða geymast til næsta árs til úthlutunar eftir ákvörðun stjórnarinnar.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að fá breytingu á skipulagsskrá þessari, verði hún öll sammála um það; þó má sú breyting aldrei ganga í berhögg við skýr ákvæði erfðaskráanna, er að framan greinir, um hlutverk sjóðsins. — Staðfest endurrit erfðaskráanna skulu vera fylgirit skipulagsskrár þessarar.

10. gr.

Minningarsjóðurinn tekur til starfa, þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest.

11. gr.

Falli niður eitt eða fleiri þeirra starfa, sem getið er í 6. gr., skal hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps kjósa mann eða menn í stað þess eða þeirra, er þannig ganga út.

12. gr.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.